

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 7. nóvember 2014

Tilvísun: 2014101458VEI./--

Efni: Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 24. október þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála (þskj. 233, 207. mál á 144. löggjafarþingi).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir stofnun úrskurðarnefndar velferðarmála sem skuli úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og veita álit eða úrskurða í öðrum ágreiningsmálum eftir því sem mælt er fyrir um í lögum.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með því sé lagt til að níu úrskurðar- og kæruneindir á málefnasviði ráðuneytisins verði sameinaðar í eina nefnd, úrskurðarnefnd velferðarmála. Um er að ræða níu nefndir sem spanna breitt svið stjórnsýslunnar, m.a. barnaverndarmál, greiðsluaðlögunarmál, almannatryggingamál, félagsþjónustumál, fæðingarorlofsmál o.fl.

Ljóst er að verði frumvarpið að lögum mun nefndin vinna með mikið magn mjög viðkvæmra persónuupplýsinga. Að mati Persónuverndar er það varhugavert að safna saman á einn stað svo víðtækum og viðkvæmum upplýsingum um einstaklinga, m.a. börn. Telji löggjafinn hins vegar að slíkt sé óhjákvæmilegt er rétt að ákvæði frumvarpsins séu skýr hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga hjá úrskurðarnefndinni.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að úrskurðarnefnd velferðarmála skuli úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og veita álit eða úrskurða í öðrum ágreiningsmálum eftir því sem mælt er

fyrir um í lögum. Úrskurðarnefndin sé sjálfstæð og óháð öðrum í störfum sínum. Að mati Persónuverndar fullnægir umrætt ákvæði ekki framangreindri kröfu um skýrleika þar sem hvergi í frumvarpinu sjálfu virðist koma fram um hvað nefndin eigi nákvæmlega að úrskurða. Leggur stofnunin til að fram komi, með skýrum hætti, til hvaða ágreiningsefna og ákvarðana valdsvið nefndarinnar náí.

Þá leggur Persónuvernd til að við lögín verði bætt ákvæði um að um vinnslu persónuupplýsinga hjá nefndinni fari samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Telur stofnunin mikilvægt að sú tilvísun komi fram í lögnum sjálfum þar sem fyrir séð er að úrskurðarnefndin muni vinna með mikið magn persónuupplýsinga og þarf því að tryggja að vinnsla hennar samrýmist að öllu leyti ákvæðum laga nr. 77/2000 og þá sérstaklega ákvæðum 11.-13. gr. laganna varðandi öryggi persónuupplýsinga.

Samantekt:

1. Skýra þarf betur hlutverk nefndarinnar, þ. á m. til hvaða sviða stjórnsýslunnar vald hennar skuli ná.
2. Bætt verði við ákvæði um að um vinnslu persónuupplýsinga hjá nefndinni fari samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Virðingarfyllt


Hjördís Stefánsdóttir
settur forstjóri